

# Leiðrétting lána, og kannski smá þjóðarsátt.

Efni þessara skrifa er að setja fram safn hugmynda að leiðréttingu lána fjölskyldna og smærri fyrirtækja, og ráðstafanir til handa þeim einstaklingum sem ekki er hægt að hjálpa. Sumar þessara hugmynda hafa í einhverri mynd verið í umræðunni, aðrar eru afleiður eldri hugmynda og einhverjar eru nýjar. Þetta plagg er gert í þeirri von að sanngjörn umræða skapist og að í framhaldinu verði gengið í það verk að búa til einkonar þjóðarsátt um pall eða gólf til þess að standa á við endurreisn Íslands. Hugmyndirnar er að parti til settar fram með það að markmiði að leiðrétta hluta þeirrar óréttlátu eignatilfærslu sem felst í tilflutningi frá þeim er bundu sitt fé í fasteignum til þeirra sem voru svo heppnir að eiga bankabækur. Einnig er það kristalljóst að þetta er einungis fyrsti leggur af mörgum og að ef þessar tillögur hljóta framgang þá þarf að huga að mörgum öðrum málum bæði til lengri og skemmri tíma.

Lagt er til að sett verði lög um leiðréttingu hluta þess tjóns sem varð við hrun hins íslenska efnahagskerfis 2008. Liðir 1 til 3 hér að neðan taka bæði til lána einstaklinga og fyrirtækja.

## Leiðrétting lána fari þannig fram.

- Allar verðtryggðar peningaeignir - innistæður, skuldabréf og lánasamningar verða færðar niður til samræmis við stöðu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2008 ásamt sambærilegri lækkun á vöxtum óverðtryggðra peningaeigna.
  - Reikna skal frá þeim tíma að hámarki 4% verðbótapátt til samræmis við verðból gumarkmið Seðlabanka Íslands.
  - Reikna skal dráttarvexti á afborganir í vanskilum samkvæmt leiðréttingu.
  - Umframgreiðslur frá 1. janúar 2008 til dags, miðað við hámark verðbótapáttar (sbr. lið a) skulu dregnar frá höfuðstól lánsins á greiðsludegi.
  - Komist lántaki og lánveitandi að samkomulagi um nýtt óverðtryggt lán samhliða vísitöluleiðréttingum verði stimpilgjöld felld niður vegna nýs láns.
  - Innleitt verði tímabundið bann við sérstökum „uppgreiðslugjöldum“.
- Gengistryggð lán skulu færð til upphaflegrar stöðu m.v. dóm Hæstaréttar, 16. september 2010 um ólögmati gengistengingar.
  - Lán skal bera samningsvexti frá lántökudegi til dómsdags, frá þeim degi skulu lán bera vexti í samræmi við fyrrgreindan dóm Hæstaréttar (lægstu vextir SÍ).
  - Reikna skal dráttarvexti á afborganir í vanskilum samkvæmt leiðréttingu.
  - Hafi átt sér stað umframgreiðslur af láni skal draga þær frá höfuðstól á greiðsludegi.
  - Samhliða leiðréttingum verði öllum lánveitendum gert að bjóða upp á endurfjármögnun lána. Sú endurfjármögnun skal vera án stimpil- og uppgreiðslugjalda.
- Hafi leiðrétting farið fram á láni skal hún taka mið af stöðu þann 01.01 '08 á verðtryggðum lánnum, en lántökudegi vegna gengistryggðra lána.

## Lausn fyrir þá sem tillögurnar hér ofan gagnast ekki.

- Ráðist verði í eftirfarandi aðgerðir fyrir þá verst settu, þ.e. þá er ekki rúmast innan tillagna hér að ofan.
  - Fólki sem það vill verði gert mögulegt að „skila lykllum“ að eign sinni til lánastofnunnar að uppfylltum skilyrðum.
  - Fólki verði að uppfylltum skilyrðum, gert kleift að óska gjaldþrots með liðsinni Umboðsmanns skuldara (US). *Það fari þannig fram að þeir sem eru í svo erfiðri stöðu að ekki sé í raun hægt að „bjarga“ þeim hafi kost á því að leita til US sem þá metur hvort ekki sé „eðlilegast“ að óska gjaldþrots fyrir hlutaðeigandi. Ef hlutaðeigandi er að mati US í þeirri stöðu að gjaldþrot sé eina leiðin fyrir viðkomandi þá taki embættið að sér framkvæmt gjaldþrots án kostnaðar fyrir umsækjanda.*

## Skýringar/greinargerð.

Á haustdögum 2008 varð mikið áfall í íslensku efnahagslífi og með því algjör forsendubrestur í fjármögnun íslenskra heimila og fyrirtækja, forsendubrestur þessi lýsti sér í mörgu. Hann varð í tekjum, skuldum og útgjöldum heimila og fyrirtækja og fjármögnun allra fjárfestinga.

## Leiðrétting lána.

Einn af þeim forsendubrestum sem urðu er vegna hækkunar vísitölu í kjölfar og vegna hruns íslenska hagkerfisins. Þrátt fyrir að fram hafi komið um það tillögur þá var ekki brugðist við fyrirsjáanlegri hækkun lána vegna áhrifa hruns á vísitölu neysluverðs. Umrædd vísitala er lögð til grundvallar verðtryggingu stórs hluta þeirra lána sem smærri fyrirtæki og heimili fjármagna sínar langtímafjárfestingar með.

Augljóst er að einhverjir munu segja að þetta sé ekki hægt og vísa í hinn alheilaga eignarrétt stjórnarskrárinnar, en spyrja má á móti hvort eignarréttur þeirra er voru einfaldlega á fjárfestingaraldri í hruninu sé einskis virði. Er hvergi minnst á réttlæti í Stjórnarskránni?


Einn möguleiki, þó hann komi ekki fram í punktunum hér að ofan, til leiðréttingar, er að nota skattkerfið. Það er með því að færa fé frá þeim er fengu vaxtagreiðslur með skatttöku yfir til þeirra er fengu vaxtagjöld með vaxtabótum. Þessi leið hefur að einhverju leyti verið í gangi og má benda á að nú eru u.þ.b. 33% vaxtagreiðslna heimilanna greiddar af vaxtabótum, sem er reyndar sláandi staðreynd og verulegt umhugsunarefni.

## Erlend lán

Tillögur eru hugsaðar þannig að tryggja megi að lánþegar gengistryggðra skuldbindinga sem dæmdar hafa verið ólöglegar, njóti jafnræðis og þeirra réttinda sem dómar tryggja. Fella lög 151/2010 úr gildi, eða breyta þeim með þeim hætti að farið sé að neytendaréttartilskipunum ESB. Er þar átt við brotnám afturvirkra breytinga á vaxtaákvæðum ásamt því að leitað verði álits evrópskra yfirvalda á túlkun lagalegra vafaatriða.

## Forsendubrestur.


Samkvæmt mynd 1 þá hefur samræmd vísitala hækkað á Íslandi um **46%** frá janúar 2008 og neysluverðsvísitala um **36%**. Á tímabilinu hækkaði sambærileg vísitala í viðmiðunarlöndum um **6** til **14%** og **9%** í EES ríkjunum samantekið.



Ef þessi mynd er ekki vísbending um algjört hrun í forsendum fólks og smærri fyrirtækja þá veit ég ekki alveg hvernig hægt er að sýna þann forsendubrest.

### Þeir er nutu.

Ekki verður hjá því komist að fara lítilla yfir tekjur þeirra er áttu innistæður í bönkum, mynd 2. er fengin „að láni“ úr nýlega útkominni TÍUND. Þar sést svo ekki verður um það villst að fjármagnstekjur þeirra er voru án skilyrða og fortakslaut verndaðir af þáverandi stjórnvalda með verndun allra innistæðna fékk ekki bara innistæðurnar heldur líka „hagnaðinn“ af verðbólgu og vaxtaskoti hrunsins óskiptan.



Mynd 2

Menn geta haft allar sýnar skoðanir á þeirri aðgerð að tryggja allar innistæður...en það hlýtur að minnsta kosti að vera umhugsunarefni hvort ekki sé réttlátt að skipta vaxtatekjum þessa ágæta fólks með þeim er töpuðu umtalsverðum hluta fasteigna sinna í eignatilfærslu vegna vaxtakostnaðar sem beintengist því hinu sama hruni og bjó til tekjurnar.

Til frekari skýringar þá er hér önnur mynd úr TÍUND sem sýnir vaxtatekjur einstaklinga af verðtryggingu sem og vöxtum '07 til '10 (álagning '08-'11), á því tímabili voru framtaldar vaxtatekjur af innistæðum einstaklinga rétt tæpir tvö hundruð milljarðar.

### Skattskyldar tekjur einstaklinga

Álagningarár (í milljónum króna)	Tekjur einstaklinga				Breytingar '10-'11		Fjöldi framteljenda				Breytingar '10-'11		
	2008	2009	2010	2011	Milljónir kr.	%	2008	2009	2010	2011	Fjöldi	%	
<b>Tekjuskattstofn</b>													
Arður af erlendri innviðsinnvið	6.239	2.089	16.284	299	-16.983	-79,6%	308	671	228	169	190	-100	-100,0%
<b>Samtals:</b>	<b>43.950</b>	<b>52.420</b>	<b>41.202</b>	<b>12.149</b>	<b>-29.053</b>	<b>-70,5%</b>	*	*	*	*	*	*	
<b>Vaxtatekjur</b>													
Vextir af innstæðum barna	157	2.246	1.898	865	-1.033	-54,4%	3.285	35.879	35.549	34.722	-827	-2,3%	
Vextir af innstæðum í bönkum	24.979	74.197	66.838	27.817	-39.021	-58,4%	72.434	168.989	171.247	171.769	522	0,3%	
Vextir af innlendum og erlendum verðbréfum	19.510	32.979	10.009	11.800	1.790	17,9%	19.052	15.985	11.051	41.970	30.919	279,8%	
Vextir af útistandandi skuldum/verðbr.	-	-	-	-	*	*	-	-	-	-	*	*	
Vextir af skattfrjálsum verðbréfum	-	-	-	-	*	*	-	-	-	-	*	*	
Vextir af stofnsjóðsinneign	-	-	-	-	*	*	-	-	-	-	*	*	
<b>Samtals:</b>	<b>44.646</b>	<b>109.422</b>	<b>78.745</b>	<b>40.482</b>	<b>-38.263</b>	<b>-48,6%</b>	*	*	*	*	*	*	

Einnig má benda á að fjöldi framteljenda sem telja fram tekjur af vöxtum á verndaðar innistæður fer úr u.þ.b. 75.700 í ríflega 200.000 á milli árunna 2008 og 2009, sú fjölgun innistæðueigenda er að mínu mati forvitnileg um margar sakir.

Að mínu mati eru bæði sterk sanngirniss- sem og réttlætisrök sem mæla með því að tekist verði á við þann hluta forsendubrestsins sem löggjafinn getur tekið beint á og miðast tillaga þessi við það að deila áfallinu jafnt á milli lántakenda og lánveitenda varðandi verðtrygginguna en gengisbundnu lánin lúta að fullnustu dóms hæstaréttar.

**Ég tel að leiðrétting þar sem tjóni og tekjum hruns verði skipt á milli þeirra sem nutu og hinna sem guldu sé réttlát og skynsöm leið.** Ég er viss um að með þessháttar leiðréttingu væri hægt að nálgast þjóðarsátt um að byrja uppbyggingu á þeim palli sem hugmyndirnar búa til.

**Þjóðarsátt um að horfa fram á veginn.**

Nóvember 2011

Elías Pétursson.